Fylgiskjal 17 Stjórnarskrárnefndar Alþingis
RAGNA ÁRNADÓTTIR
114 630610
Alþingi
Erindi nr. Þ 118 1348
14 13 1995
NEI Kóvember Stjórnskipun Íslands

1. mgr. 79. gr. segir. Með þeim hætti má gerbreyta stjórnarskránni, t. d. taka upp allt annað stjórnarfyrirkomulag en nú er. Og þó að einstök stjórnarskrárákvæði kunni að vera svo orðuð að ætla mætti, að aldrei væri hægt að breyta þeim sbr. t. d. 72. gr. stjskr. þá getur stjórnarskrárgjafinn sjálfur breytt þeim hvenær sem er. Það er meira að segja talið, að stjórnarskrárgjafinn geti falið öðrum aðila, t. d. sérstöku stjórnlagaþingi eða forseta, umboð til ákvæðinna stjórnarskrárbreytinga og jafnvel til setningar nýrrar stjórnarskrár. Hlaut sá skilningur staðfestingu hér með stjórnskipunarlögunum nr. 97/1942.

Öll ákvæði stjórnarskrárinnar eru lögvarin af 1. mgr. 79. gr. nema sérstök undantekning sé þar frá gerð um einstök ákvæði í stjórnarskránni sjálfri. Tekur það einnig til heitis stjórnarskrárinnar og ákvæðanna um stundarsakir. Þeim verður ekki breytt með almennum lögum fremur en öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar, sem 1. mgr. 79. gr. verndar. Hitt er annað mál, að þau falla af sjálfu sér úr gildi, eftir því sem efni þeirra segir til um. Það er ekki aðeins það, sem berum orðum segir í stjórnarskránni, sem varið er af 1. mgr. 79. gr., heldur einnig sá skilningur, sem lagður verður í ákvæði hennar með réttri lögskýringu, og reglur sem af henni verða dregnar með e contrario ályktun. Það verður t. d. að skýra 42. gr. stjskr. svo, að skylda til framlagningar fjárlagafrumvarps hvíli á ríkisstjórn, enda þótt um það sé ekkert sagt í stjórnarskrárgreininni. Þeirri skipan væri því almenna löggjafanum óheimilt að breyta. Sé tæmandi regla um eitthvað í stjórnarskránni, skal ályktað af henni e contrario. Má sem dæmi þess nefna 33. gr. stjskr. en þar eru skilyrði kosningarréttar til Alþingis tæmandi talin. Í almennum lögum væri algerlega óheimilt að auka við þau skilyrði. Ennfremur má benda á 3. mgr. 45. gr. stjskr. Af henni má draga þá ályktun, að einungis fjárlög og fjáraukalög séu réttilega samþykkt í sameinuðu þingi með einföldum meirihluta. Almenn lög gætu ekki ákveðið, að þá aðferð skyldi hafa á annarri lagasetningu. Sé tiltekið orð notað í ákveðinni merkingu í stjórnarskránni, er sú merking þess lögvarin af 1. mgr. 79. gr., enda þótt það orð geti endranær merkt annað. Má t. d. benda á orðið skattur í 40. gr. stjskr., sem þar tekur bæði til beinna og óbeinna skatta, tolla, enda þótt það sé oft notað aðeins um þá fyrrnefndu. Það væri því t. d. óheimilt að leggja á tolla eða önnur aðflutningsgjöld með fjárlögum.

Því er almennt játað, að reglur þær, sem dregnar eru af stjórnarskrárákvæðum með e contrario ályktun, og skilningur sá, sem með réttri lögskýringu er lagður í stjórnarskrárákvæði, séu varin af 1. mgr. 79. gr. En

Sjá Þórðarson, Íhlutir GÓS um Þ. stjórnskipun Íslands 1978.